



Landssamtök hjólreiðamanna

Efnahags- og viðskiptanefnd
nefundasvid@althingi.is

Reykjavík 06. desember 2023

Frumvarp til laga um skatta og gjöld 468. mál.

Landssamtök hjólreiðamanna (LHM) gera eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um skatta og gjöld 468. mál á 154. þingi.

Frumvarpið:

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/154/468/?ltg=154&mnr=468>

Landssamtök hjólreiðamanna leggja til að hugtakinu hreinorkubíleigenda í 13. gr. frumvarpsins verði skipt út fyrir hugtakinu hreinorkuökutækjæigenda, svo lögin nái einnig yfir reiðhjól og önnur sambærileg ökutæki. Það er að segja að ákvæðið verði:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. A-liðar 7. gr. teljast styrkir til hreinorkuökutækjæigenda úr Orkusjóði, sbr. lög nr. 76/2020, á tímabilinu 1. janúar 2024 til og með 31. desember 2024 ekki til tekna hjá mönnum að uppfylltum skilyrðum laganna.

Greinargerð:

Reiðhjól og rafmagnsreiðhjól ásamt ýmsum öðrum smáfarartækjum í skilningi umferðarlaga hafa notið ívilnunar með lækkun eða niðurfellingu á virðisaukaskatti á svipaðan hátt og rafmagnsbílar síðastliðin ár. Íslensk stjórnvöld ætla að halda áfram að styðja þjóðfélagið til orkuskipta í samgöngum og þá er það réttlætismál að eigendur fararskjóta, sem skapa sömu samgöngur en með brotabroti af menguninni, njóti samskonar styrkja og rafbílaeigendur.

Við notkun menga þessi ökutæki mun minna en hreinorkubílar og minni mengun fylgir framleiðslu þeirra en fylgir framleiðslu hreinorkubíla. Hreinorkubílar eru um 100 sinnum þyngri og krefjast samsvarandi meiri orku við námugróft, efnisvinnslu, framleiðslu og flutning. Í notkun valda þeir umfangsmikilli mengun með örplasti sem verður til við slit á hjólbörðum og mengun af svifryki frá dekkjasliti og sliti á malbiki. Reiðhjól og rafmagnsreiðhjól og önnur

svo kölluð smáfarartæki valda aðeins agnarögn af þeirri mengun sem fylgir bílum af þessari þyngd, vélarstærð og ökuhraða sbr. samanburð með umhverfismat í töflu hér að neðan.

Í væntanlegri reglugerð um Orkusjóð þarf hugsanlega að skýra verklag og upphæðir sem koma til greina sem styrkir fyrir mismunandi flokka hreinorkuökutækja. LHM vill mjög gjarnan hafa tækifæri til að gera umsögn um þau drög.

Tafla 1. Samanburður á hreinorkuökutækjum.

Hlutfallsleg áhrif á heilsu notenda, umferðaröryggi annarra vegfarenda og mengun.

Ökutæki	Þyngd (kg)	Afl (KW)	Hraði (km/klst)	Áhrif á heilsu notenda	Hætta fyrir aðra í umferð	Mengun
Hreinorkubílar	2000	100-300	90	(-)	(---)	(---)
Reiðhjól	15	0,2	20	(+++)	(0)	(0)
RafmagnsR.	25	0,25	25	(++)	(0)	(-) ²
Smáfarartæki	25	0,25	25 (- 70)	(+)	(-) ¹	(-) ²

VÆGI ÁHRIFA SKÝRING

Jákvæð áhrif (+) á viðkomandi umhverfispátt.

Engin eða óveruleg áhrif (o) á viðkomandi umhverfispátt.

Neikvæð áhrif (-) á viðkomandi umhverfispátt.

(1) Áhrif fyrst og fremst vegna mikils ökuhraða á óleyfilega breyttum tækjum.

(2) Áhrif vegna framleiðslu og förgun rafhlaðna.

Virðingarfyllt
f.h. stjórnar LHM

Árni Davíðsson
formaður

Um Landssamtök hjólréiðamanna

Landssamtök hjólréiðamanna (LHM) eru hagsmunasamtök sem hafa að markmiði m.a. að efla hjólréiðar á Íslandi sem heilsusamlegan lífsmáta og sem samgöngumáta. Öll helstu hjólréiðafélög landsins eiga aðild að LHM. Samtökin eru þó ekki aðeins málsvari félagsmanna hinna ýmsu hjólréiðafélaga sem telja yfir 2000 manns heldur eru þau jafnframt málsvari allra sem hjóla á Íslandi. LHM er aðildarfélag að European Cyclists' Federation, sem eru heildarsamtök fyrir hjólréiðafélög til samgangna og ferðalaga í Evrópu. Aðildarfélag ECF er að finna í flest öllum löndum Evrópu. LHM hlaut samgönguviðurkenningu Reykjavíkurborgar 2012 fyrir virka þátttöku og áhrif í að efla hjólréiðar á Íslandi.